



Akraneskaupstaður

Bæjarráð Akraneskaupstaðar
Stillholti 16-18
300 Akranesi

Akranesi 8. september 2015
1410165 JHF

Varðandi: Húsnæði fyrir þjónustumiðstöð aldraðra að Dalbraut 6


Á fundum Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 hefur verið rædd sú hugmynd að stækka húsið að Dalbraut 6 þannig að það verði fullra tveggja hæða í stað einnar og hálftrar hæðar eins og það er í dag. Við það myndu bætast 435 fm við gólfplöt hússins. Samráðshópurinn telur að hækkunin muni hafa jákvæð áhrif á útlit hússins og leiða til þess að það falli betur að framtíðarumhverfi þess innan íbúðarbyggðar. Stækkunin myndi auk þess skapa mikla möguleika varðandi innra skipulag húsnæðisins og nýtingu þess.

Á fundi samráðshópsins var ákveðið að leita eftir afstöðu bæjarráðs til slíkrar breytingar á húsinu. Gróflega áætlað gæti hækkunin aukið kostnað við breytingarnar um sem skiptist þannig:

Frumhönnun	3.000.000,-
Hækkun húss, gólfplata og nýtt þak:	45.220.000,-
<u>Innréttingar 435 fm¹</u>	<u>108.750.000,-</u>
Samtals	156.970.000,-

Kostnaðurinn á hvern fermetra viðbótarinnar er því um 360 þ.kr. Á móti kemur að verði húsið ekki stækkað gæti þurft að bæta við forstofu til að koma fyrir lyftu og stigahúsi.

Fyrir hönd samráðshópsins,


Jón Hrói Finnsson
Formaður

¹ Hér er átt við klæðningar, uppsetningu veggja, lagnir, lagningu gólfefna og smíði fastra innréttinga. Miðað er við 250 þ.kr. á hvern fermetra húsnæðis.